




Skipulags- og matslýsing og flokkun landbúnaðarlands

Umhverfis- og skipulagsnefnd
Kynning á fundi
2. mars 2020

Uppbygging

1. Inngangur
2. Dalabyggð – staða og gildandi stefna
3. Viðfangsefni og áherslur við endurskoðun
4. Skipulagsferlið
5. Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð aðalskipulags
6. Umhverfismat aðalskipulagsins
7. Tengsl við aðrar áætlanir





- Í **Landsskipulagsstefnu 2015-2026** er mörkuð stefna ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga:
 - Í gr. 2.3 í landsskipulagsstefnu „Sjálfbær nýting landbúnaðarlands“
 - Í gr. 2.3.1 „Skipulag landbúnaðarlands“:
„Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. ..“
- **Stefna Dalabyggðar um skipulagsmál:**
 - Núgildandi aðalskipulag Dalabyggðar
 - Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar



- **Jarðalög** setja m.a. reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti. Jarðalög nr. 81/2004.
 - Óheimilt er að breyta landnotkun á landsvæði sem er minna en 5 hektarar og er gott ræktunarland, hentar vel til landbúnaðar eða vegna legu sinnar telst að öðru leyti mikilvægt vegna matvælaframleiðslu, nema leyfi ráðherra liggja fyrir. Sveitarfélag skal óska skriflega eftir leyfi ráðherra áður en landnotkun er breytt með breytingu á skipulagi.
- Lög um náttúruvernd
- Lög um menningarminjar

Heimsmarkmiðin



Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið.

Almennt: Sjálfbær þróun eða sjálfbærni er áberandi leiðarstef í íslenskum samþykktum sem varða umhverfismál og landnotkun

Landsskipulagsstefna 2015-2026

2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands

„Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.“

Gerð aðalskipulags

4.3.1. gr.

Viðfangsefni og efnistöð aðalskipulags

e. Landbúnaður.

Þróun landbúnaðar og megináhrifaþættir. Helstu einkenni landbúnaðarsvæða, þ.e. búrekstrar sem þar er stundaður, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Helstu atriði sem varða mannvirkjagerð. Gera skal sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum innan landbúnaðarsvæða. Stefna um hvar og hvernig þörfum landbúnaðarstarfsemi verður mætt. Stefna um hvaða atvinnustarfsemi önnur en hefðbundinn landbúnaður er heimil á bújörðum og viðmið um aðstæður og umfang.

Landnotkunarflokkar.

q. Landbúnaðarsvæði (L).

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Gerð deiliskipulags

5.3.2. gr.

Viðfangsefni og efnistöð deiliskipulags.

Heimilt er að skilgreina landnotkun og takmarkanir á henni þrengra í deiliskipulagi en gert er í aðalskipulagi og kveða á um mismunandi notkun og tegund starfsemi á einstökum lóðum, lóðarhlutum eða byggingarhlutum svo og setja starfsemi ákveðnar takmarkanir...

Mannvirki og starfsemi á landbúnaðarsvæðum.

Gera skal grein fyrir og setja skilmála um mannvirki og tegund af landbúnaðarstarfsemi á bújörðum. Þegar um þaueldi er að ræða, skal gera grein fyrir áætluðum fjölda dýra, meðferða úrgangs og fjarlægð til aðliggjandi byggðar. Við staðsetningu mannvirkja sem eru óháð búrekstri viðkomandi jarðar, svo sem atvinnuhúsnæðis, íbúðar- eða frístundahúsa, skal þess gætt að notkun þeirra og starfsemi sú sem er á jörðinni geti farið saman. Áhersla skal lögð á að samnýta vegakerfi og veitur og að yfirbragð byggðar verði heildstætt.

Landbúnaðarland. Er landið nýtanlegt eða nýtt til landbúnaðar, svo sem búfjárræktar, fóðurframleiðslu, grænmetisræktunar, hlunnindanýtingar og afrétta?

Undir viðmiðið falla:

- ✓ Landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi.
- ✓ Lögbýli (í byggð og í eyði).
- ✓ Svæði sem talin eru henta sérstaklega vel ræktunar eða annarrar starfsemi sem tengist búrekstrinum.

Undir viðmiðið falla ekki:

- ✓ Jarðir/svæði sem eru í ekki í vegsambandi við nærliggjandi byggð.
- ✓ Svæði sem eru minni en 1ha að stærð og hafa ekki samlegð með aðliggjandi landbúnaðarsvæðum.



Flokkar landbúnaðarlands	Útfærsla í skipulagi
Tún og akrar	<i>Landbúnaðarland I. Verðmætt landbúnaðarland</i>
Annað ræktanlegt land og beitiland á láglendi	<i>Landbúnaðarland II. Verðmætt beitilandi og land sem getur hentað til ræktunar</i>
Beitiland, úthagi og afréttir	<i>Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland</i>
Votlendi	<i>Landbúnaðarland IV. Votlendi</i>
Birkikjarr og -skóglendi	<i>Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi</i>
Viðbótarflokkur - Hlunnindasvæði	Ákvarðanir um ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum, þ.e. <i>Landbúnaðarland I – V</i> , taki mið af hlunnindum og hlunnindanýtingu á svæðinu
Viðbótarflokkur - Landslag, náttúru- og menningarminjar	Ákvarðanir um skipulag og ráðstöfun landa á landbúnaðarsvæðum, , þ.e. „ <i>Landbúnaðarland I – V</i> “, taki mið af og stuðli að varðveislu merkra náttúru- og menningarminja og landslags